Orðaval skiptir máli

Virðingarfull umfjöllun um fólk með heilabilun

- **„Einstaklingur með heilabilun / fólk með heilabilun“**
  Forðist að nota: Sá heilabilaði
  Af hverju: Heilabilun skilgreinir ekki manneskjuna.
  Mikilvægt er að tala fyrst og fremst um einstaklinga og fólk.

- **„Hann er með heilabilun“**
  Forðist að nota: Hann er heilabilaður
  Af hverju: Einstaklingur er meira en greiningin sín.
  Forðumst stimplandi orðalag.

- **„Hann flutti á hjúkrunarheimili“**
  Forðist að nota: Hann var vistaður á hjúkrunarheimili
  Af hverju: Hjúkrunarheimili eru heimili þar sem fólk býr og lifir.

- **„Heilabilun á efri árum“**
  Forðist að nota: Elliglöp
  Af hverju: Heilabilun tengist ekki eingöngu háum aldri.

- **„Heilabilun“**
  Forðist að nota: Vitglöp
  Af hverju: Vitglöp er eldra hugtak sem endurspeglar ekki lengur þann skilning og þekkingu sem við höfum í dag á heilabilun.

HEILAHJÁLP
SAMTÖK UM HEILABILUN